

Amtsráðið í Norðuramtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, sbr. lög 24. nóvbr. 1893 um breyting á 3. gr. nefndra laga, er hjer með staðfest og löggilt framanrituð reglugjörð um grenjaleitir og refaveiðar í Skagafjarðarsýslu, sem samin er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. jan. 1895.

Amtsráð Norðuramtsins, 12. júlí 1894.

*Kl. Jónsson*  
settur.

*Ólafur Briem.*  
*B. G. Blöndal.*

*M. Sigurðsson.*

69

## Reglugjörð

70

fyrir Árnessýslu, um lækningu hunda af bandormum o. fl.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skal hreppstjóra falið að annast um lækningu hunda af bandormum.

2. gr.

Lækning allra hunda í sýslunni fer fram tvisvar á ári: í maímánuði og í nóvembermánuði. Á hvaða degi lækningin fer fram á hverjum bæ, ákveður hreppstjóri fyrir fram, og tilkynnir hlutaðeigendum.

3. gr.

Heimilt er hreppstjóra að skipta hreppnum í svo margar deildir, sem þörf er á, og setja áreiðanlegan mann í sinn stað til þess að framkvæma hundalækningar í hverri deild. Má enginn skorast undan þeim starfa, nema forföll valdi. Einnig er hreppstjóra heimilt, að skipa svo fyrir þar, sem það virðist haganlegt, að hundar frá fleiri bæjum komi saman á einn bæ til lækninga. Að því leyti sem hann getur því við komið, gjörir hann allar ráðstafanir þessu máli viðvikjandi á fundi og með samráði við hreppsþúa þá, er hlut eiga að máli. Nú hefur hann eigi getað náð samráði við alla þá, er æskilegt hefði verið, og ber samt að hlýða fyrirskipunum hans í þeim efnum.

4. gr.

Hverjum hundi skal gefa inn 5 grömm af arekaduþti, og skulu lækningamenn, að því er inngjöfina snertir og meðferð á hundunum á undan inngjöfinni og á meðan meðalið er að verka, haga sjer nákvæmlega eptir fyrirsögn þeirri um inngjöf meðalsins<sup>1</sup>, sem látin verður fylgja þessari reglugjörð.

### Inngjöf arekaduþts.

1). Í sólarhring á að loka hundinn inni, og má hann alls engan mat eða drykk fá á meðan; síðan skal gefa hundinum inn 5 grömm af duþtinu, hrærðu út í graut, slátri eða

## 5. gr.

Verði vart við bandorma í einstökum hundum milli lækningatíma, skal tilkynna það hreppstjóra og gjörir hann þá ráðstafanir til að lækna þá svo fljótt, sem unnt er. En eigi verða þeir hundar fyrir það undanþegnir lækningum á hinum fyrirskipuðu tímum.

## 6. gr.

Nú valda forföll, að hundur kom eigi til lækninga, og skal húsbóndi hans, svo fljótt sem hann getur á eptir, færa hann þeim, er hann skal lækna, en álitast ella að hafa skotið honum undan lækningu. Hund, sem enginn hirðir um að láta lækna, er hreppstjóra heimilt að láta drepa.

## 7. gr.

Hreppstjóri skal leitast við að fá sem flesta af hreppsbum í fjelag með sjer til að gangast fyrir því, að það verði gjört að venju, að brenna í eldi alla sulli úr sullaveikum skepnum.

## 8. gr.

Hreppstjóra, eða þeim, sem fyrir hann er, ber 1 kr. 50 aur. í þóknun um daginn fyrir starfa sinn. Skal það greitt úr sýslusjóði.

## 9. gr.

Vanræki hreppstjóri eða sá, sem fyrir hann er, að hlýða þessari reglugjörð, varðar það 2—10 kr. sekt eptir málavöxtum. Sje hundi skotið undan lækningu af ásettu ráði eða hirðuleysi, eða sje hreppstjóra eða þeim, sem fyrir hann er, sýnd óhlýðni eða mótþrói við hundalækningar, varðar það 1—10 kr. sektum eptir málavöxtum. Sektirnar renna í sýslusjóð.

## 10. gr.

Hreppstjórar skulu á ári hverju rita í hundahaldsbókina skrá yfir alla hundaeigendur í hreppnum, og tölu þeirra hunda, er teknir hafa verið til lækninga frá hverjum einum. Fyrir hver árslok skulu þeir senda sýslunefndinni skýrslu samhljóða bókinni.

\*

\*

\*

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefnd Árnassýslu á aðalfundi hennar 24.—26. apríl 1894.

Skrifstofu Árnassýslu, 20. júlí 1894.

*Sigurður Ólafsson.*

mjók. Vanalega fær hundurinn klýju á eptir, en það verður að reyna að koma í veg fyrir að hann selji upp fyrsta hálf klukkutímamann á eptir, með því að hafa af fyrir honum, vekja hug hans á einhverju, láta vel að honum, eða, ef það eigi dugar, að gjöra hann sneyptan o. s. frv.

Eptir  $\frac{1}{2}$ —3 kl.tíma gengur ormurinn niður af hundinum. Meðan meðalið er að verka, ætti hundurinn að vera í einhverju úthúsi. Það, sem gengur niður af hundinum, á að hreinsa vandlega upp og brenna síðan eða grafa í jörð, 2 álna djúpt að minnsta kosti.